



ÍSAFJARDARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Aðalstræti 92
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 13. júní 2018
2018010057

Efni: Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum í bréfi dags. 14. maí 2018., þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Guðríðar Guðmundsdóttur, um leyfi til að reka gistiheimili í flokki II, íbúð að Túngötu 20, Ísafirði, fasteignanúmer 2120774

Húsnaðið er skráð sem íbúð á byggingarstig 7, það er fullgerð notaeining.

Gististaður II, er gististaður án veitinga. Flokkur F, Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2. gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér falla undir starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskyldar.

Túngata 20, Ísafirði er á svæði sem er skilgreint sem I3 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, markmið skipulagsins eru eftirfarandi.

- Ávallt verði tiltækjar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum.
- Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis
- Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru

Athugasemd skipulagsfulltrúa

Túngata 20, Ísafirði er á svæði sem skilgreint er sem íbúðargata, í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, skv. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 6.2. er einungis heimilt að hafa gistiheimili í flokki II á svæðum sem skilgreind eru sem miðsvæði eða verslun og þjónusta í skipulagi.

Athugasemd skipulags- og byggingafulltrúa.

Í með vísan reglugerð 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald segir í grein 12 mgr. 1, Íbúðagisting er leiga á stakri íbúð til ferðamanna. Falli útleiga íbúðar ekki undir heimagistingu telst íbúðin vera atvinnuhúsnæði og skal vera samþykkt af byggingafulltrúa sem slík. Heimagistingu samkvæmt ákvæðum 13. gr. má reka í samþykktu íbúðarhúsnæði en allir aðrir gististaðir að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka skulu vera í samþykktu atvinnuhúsnæði til þeirra nota sem fyrirhuguð eru. Breytt notkun kallar á umsókn um byggingaleyfi.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd í umsögn dags. 10.04.2018

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemd í umsögn dags. 15.05.2018

Virðingarfyllst
ÍSAFJARDARBÆR
Axel Rodriguez Öveþey
- skipulags- og byggingafulltrúa -